


Reykjavík, 20. desember 2019

Lokaskýrsla vegna verkefnisins :

*Tvímála íðorðasafn á sviði viðskiptafræði, hagfræði og fjármála milli íslensku og frönsku*

Undirritaðar fengu styrk að upphæð einni milljón króna úr Kennslumálasjóði Háskóla Íslands árið 2018 til að útbúa tvímála íðorðasafn milli íslensku og frönsku á sviði viðskiptafræði og hagfræði sem einnig innheldur annan orðaforða tengdan fjármálum. Íðorðasafnið, sem samanstendur alls af um 550 orðum, er byggt á orðaforða í orðabókargrunni sem notaður er við gerð íslensk-franskrar veforðabókar (LEXÍU). Jafnframt inniheldur íðorðasafnið notkunardæmi og orðastæður sem þýdd eru á frönsku. Styrknum var varið í laun fransks þýðanda, Nathalie Tresch, með doktorspróf í lögfræði (og frönskum bókmenntum). Þar sem um er að ræða sérhæfðan orðaforða var mikilvægt að fá til verksins manneskju með góða þekkingu á sviðinu. Rósa E. Davíðsdóttir, verkefnisstjóri LEXÍU, sá því næst um yfirlestur og útbjó hefti með orðasafninu. Markmiðið með orðasafninu var að styðja við nemendur sem leggja stund á frönsk fræði og viðskiptafræði við Háskóla Íslands.

Íðorðasafnið er aðgengilegt á vefsíðu LEXÍU, íslensk-franskrar orðabókar á eftirfarandi slóð: <http://lexia.arnastofnun.is/>. Þess má geta að vefsíðan orðabókarinnar er í vinnslu og endanlegt viðmót hennar væntanlegt í ársbyrjun 2020.



Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku máli og bókmenntum



Rósa E. Davíðsdóttir, ritstjóri og verkefnisstjóri LEXÍU